

98

18. maí

9. gr.

Skógræktarfélag Austurlands hefur eftirlit með að fénu sé varið eins og ætl-  
ast er til í þessari skipulagsskrá, og getur það falið eftirlitið trúverðugum manni í  
hverjum hreppi. Sem þóknun fyrir eftirlitið má nota, ef með þarf, þær kr. 100.00,  
sem afgangs eru af ársvöxtunum, annars falla þær til Skógræktarfélags Austur-  
lands.

10. gr.

Ef deila kynni að risa út af skiptingu styrksins eða öðru, sem skipulagsskrá  
þessi fjallar um, skulu slík mál borin undir Skógræktarfélag Austurlands, sem  
leggur á þau fullnaðarúrskurð.

11. gr.

Leita skal staðfestingar ríkisvaldsins á skipulagsskrá þessari.

12. gr.

Skipulagsskrá þessi er í 5 samritum, hvar af Stjórnarráðið fær eitt, Skóg-  
ræktarfélag Austurlands eitt og hinir þrjú hreppar sitt hver.

Reyðarfirði, 22. desember 1942.

Árni Jónasson.

Oddur Bjarnason.

Kristinn Beck

e. u. (handsalað).

99

18. marz

## REGLUGERÐ

### um hreinsun reykháfa í Seyðisfjarðarkaupstað.

1. gr.

Bæjarstjórnin skipar sótara í Seyðisfjarðarkaupstað og ákveður laun hans.

2. gr.

Sótari skal hreinsa alla reykháfa í kaupstaðnum tvisvar á ári, vor og haust,  
eftir nánari ákvörðun slökkviliðsstjóra og undir yfirstjórn hans. Að síðari hreinsun  
lokinni skal hann gefa skýrslu um hreinsunina í því formi, sem slökkviliðsstjóri  
ákveður.

3. gr.

Áður en sötun hefst, skal sótari tilkynna húsráðendum daginn áður, hvenær  
hún fari fram, og er þeim þá óheimilt að hafa eld í eldfærum á þeim tíma, sem  
sötun er fyrirhuguð.

4. gr.

Hver húsráðandi skal skyldur til að greiða árlega hreinsunargjald til bæjar-  
sjóðs, kr. 5.00 fyrir hvern reykháf, sem honum tilheyrir. Álag greiðist á gjald þetta  
samkvæmt vísitölu kauplagsnefndar, eins og hún er í janúar ár hvert. Gjald þetta  
greiðist á gjalddögum bæjargjalda og fylgir því lögtaksréttur.

5. gr.

Reglugerð þessi öðlast þegar gildi, og skulu hreinsunargjöld greiðast sam-  
kvæmt henni í fyrsta skipti árið 1943.

6. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt lögum nr. 85 frá 22. nóv. 1907, 16. gr., sbr. lög nr. 29 frá 13. sept. 1901, til að öðlast gildi þegar í stað og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

99

18. marz

*Félagsmálaráðuneytið, 18. marz 1943.*

F. h. r.

**Vigfús Einarsson.**

*Páll Pálmason.*

## AUGLÝSING

100

18. maí

um breyting á tímaákvörðunum og kærufrestum, er um ræðir í IV. kafla laga nr. 6 9. jan. 1935, um tekjuskatt og eignarskatt.

Samkvæmt heimild í bráðabirgðalögum frá 10. maí 1943, um breyting á lögum nr. 6 9. jan. 1935, um tekjuskatt og eignarskatt, hefur ráðuneytið ákveðið, að tímaákvörðanir og frestir samkvæmt 36., 37. og 38. gr. laga nr. 6 9. jan. 1935, skuli breytast svo sem hér segir við álagningu tekju- og eignarskatts, stríðsgróðaskatts og verðlækkunarskatts árið 1943:

### Utan Reykjavíkur.

Skattskrár skulu lagðar fram fyrir 25. maí þ. á. og skulu þær liggja frammi til 1. júní þ. á. á lögákveðnum stað.

Kærufrestur til undirskattanefnda skal vera til 1. júní þ. á.

Úrskurðir undirskattanefnda um kærur skulu felldir fyrir 5. júní þ. á.

Kærufrestur til yfirskattanefnda skal vera til 15. júní þ. á.

Úrskurðir yfirskattanefnda skulu felldir fyrir 25. júní þ. á.

Yfirskattanefndir skulu hafa lokið störfum fyrir 25. júní þ. á.

*Fjármálaráðuneytið, 18. maí 1943.*

F. h. r.

**Magnús Gíslason.**

*Einar Bjarnason.*

## REGLUGERÐ

101

19. maí

um orlof.

1. gr.

Orlofsfé skal greitt með orlofsmerkjum hvert skipti, sem útborgun vinnulauna fer fram. Ákvæði þetta gildir þó ekki um starfsmenn, sem eru í áframhaldandi fastri stöðu, sbr. 4., 5. og 6. mgr. 4. gr. laga um orlof.

2. gr.

Póststjórnin gefur út orlofsmerki og orlofsbækur. Bækurnar séu í hæfilegu vasabókarformi, tölusettar í framhaldsröð fyrir hvert orlofsár.